

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 92/2019

2020/EES/44/47

frá 29. mars 2019

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/813 frá 14. maí 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfis-árangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir landbúnaðargeirann samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1eal (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2286) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eal. **32018 D 0813**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/813 frá 14. maí 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfis-árangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir landbúnaðargeirann samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 145, 8.6.2018, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2018/813, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 145, 8.6.2018, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.